

Miðvikudaginn 11. apríl 1962.

Nr. 142/1961. **Samvinnutryggingar**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

Ragnari Sæmundssyni og gagnsök

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theódór B. Lindal.

Skaðabætur. Óbærni málflytjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1961. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að kröfur gagnáfrýjanda verði færðar niður og að gagnáfrýjanda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. desember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. nóvember s. á. Hann hefur fengið gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 124.800.00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 2. desember 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að gagnáfrýjandi hafi hvorki orðið bundinn af yfirlýsingu Jóns P. Emils til aðaláfrýjanda um fjárhæð tjónbóta né af viðtöku hans á bótagreiðslu.

Þegar slys það, sem málið er af risið, bar að höndum hinn 24. september 1955, var bifreiðin Ö 373 tryggð hjá aðaláfrýjanda samkvæmt 36. gr. laga nr. 23/1941, sbr. lög nr. 7/1952, sem þá voru í gildi. Aðaláfrýjandi hefur ekki hreyft andmælum gegn því, að gagnáfrýjandi sækir kröfu

sína beint í hendur honum, sbr. og nú 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958. Kemur þá til athugunar, hvort slysið hafi gerzt með þeim hætti, að aðaláfrýjanda sé skylt að greiða tjónbætur.

Eins og í héraðsdómi greinir, ók gagnáfrýjandi á reiðhjóli með hjálparvél, þegar slysið varð. Samkvæmt vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 9. apríl 1962, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, var aflvél hjólsins með 49 rúmcentimetra strokkrúmmáli og undir einu hestafli. Ákvæði 4. sbr. 3. málsg. 34. gr. laga nr. 23/1941 koma til greina um bótagreiðslu vegna árekstrar ökutækjanna, sbr. 1. gr. nefndra laga og 2. málsg. c-liðar 1. gr. laga nr. 13/1955.

Um tildrög slyssins eru gögn málsins mjög ófullkomin. Lögregluskýrsla var tekin í Hafnarfirði hinn 24. september 1955 af ökumanni bifreiðarinnar Ö 373. Var sú skýrsla síðan lesin upp fyrir þremur mönnum, sem verið höfðu farþegar í greindri bifreið, og kváðu þeir hana rétta, en ekki voru þeir yfirheyrðir sjálfstætt um atburðinn. Lögreglumaður gerði og þá um kvöldið uppdrátt af slysstað og ummerkjum þar, en þá var bifreiðin Ö 373 farin þaðan. Þá tók lögreglan í Keflavík skýrslu af gagnáfrýjanda hinn 24. nóvember 1955. En hvorki hafa aðiljar né vitni gefið skýrslu fyrir dómi um atvik að slysinu. Hafa málflytjendur aðilja hér fyrir dómi lýst því, að þeir telji ekki unnt að afla frekari gagna um orsakir að slysinu.

Þjóðvegurinn, þar sem slysið gerðist, er talinn 6 metra breiður. Uppdráttur af slysstað sýnir, að eftir slysið lá gagnáfrýjandi mjög nærri vinstri vegarbrún, miðað við aksturstefnu hans, og reiðhjól hans um 2 metra frá sömu vegarbrún. Gagnáfrýjandi og ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 telja sig báðir hafa ekið á sínum vinstri vegarhelmingi, en þó kveður ökumaður bifreiðarinnar, að vera megi, að gagnáfrýjandi „hafi verið örlítið meira til hægri við miðju vegarins“, og samkvæmt öðrum ummælum hans í skýrslu til lögreglunnar verður að ætla, að hann eigi þar við hægri helming vegarins, miðað við aksturstefnu hans sjálfs. Af þessu og svo stað gagnáfrýjanda og reiðhjóls hans eftir

slysið má ráða, að bifreiðinni hefur verið ekið úr hófi innarlega á veginum. Einnig verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi ekki gætt nægrar varúðar gagnvart umferð, sem á móti honum kom. Samkvæmt þessu verður að telja sök á árekstrinum beggja megin, en þó sök ökumanns bifreiðarinnar meiri. Þykir hæfilegt, að gagnáfrýjandi beri sjálfur $\frac{2}{5}$ hluta tjóns síns, en aðaláfrýjandi bæti honum tjónið að $\frac{3}{5}$ hlutum.

Í héraðsdómi er greint frá meiðslum gagnáfrýjanda, örorkumati og áætlunarreikningi tryggingafræðings um tjónbætur. Með skirskotun til forsendna héraðsdómsins þykir mega staðfesta úrlausn hans um einstaka kröfuliði í bótakröfu gagnáfrýjanda. Telst tjón hans samkvæmt því nema kr. 100.000.00, og ber aðaláfrýjanda að greiða honum $\frac{3}{5}$ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 60.000.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.330.00. Þar af hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda kr. 15.000.00, en ríkissjóður kr. 330.00 í dómgjöld.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samvinnutryggingar, greiði gagnáfrýjanda, Ragnari Sæmundssyni, kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. desember 1959 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.330.00. Þar af hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 15.000.00, en ríkissjóður kr. 330.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. júní s.l., hefur Ragnar

Sæmundsson verkamaður, Tjarnargötu 2, Keflavík, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. desember 1959, gegn Ásgeiri Magnússyni forstjóra hér í bæ f. h. Samvinnu-trygginga til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 124.800.00 með 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags. Til vara hefur stefnandi krafizt greiðslu á kr. 69.800.00 með sömu vöxtum.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar í máli þessu, svo sem það væri ei gjafsóknarmál, en með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 1959, var honum veitt gjafsókn í máli þessu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins, en til vara hefur hann mótmælt einstökum liðum stefnukröfunnar og kröfunni í heild sem of hárrí.

Samkomulag er með aðiljum málsins að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið beint fyrir bæjarþingið.

Tildrög máls þessa kveður stefnandi vera þau, að hinn 24. september 1955 hafi hann verið á leið til Keflavíkur frá Reykjavík á hjálparmótorhjólí sínu, R 294. Er hann hafi verið staddur á svokölluðu Hvaleyrarholti fyrir sunnan Hafnarfjörð, um kl. 22.00, hafi bifreiðin Ö 373 komið á móti honum á mikilli ferð. Stefnandi kveðst hafa ekið utarlega á sínum vinstri vegarhelmingi, og hafi honum virzt bifreiðin Ö 373 aka á móti honum á hans vegarhelmingi. Kvaðst stefnandi hafa gert það, sem í hans valdi stóð, til að forða árekstri og hafi verið kominn mjög utarlega á sinn vegkant, er farartækin hafi rekizt saman. Rétt eftir slysið kveðst stefnandi hafa misst meðvitundina og ekki rankað við sér aftur fyrr en á sjúkrahúsi því, sem hann hafi verið fluttur á eftir áreksturinn.

Við slysið hlaut stefnandi opið brot á hægra fæti. Vegna meiðslanna dvaldist hann á handlækningadeild Landspítalans þar til 15. október 1955, en síðan í sjúkrahúsi Keflavíkur til 30. janúar 1956. Síðan kveðst stefnandi hafa dvalizt að nýju á Landspítalanum vegna afleiðinga ofanefnds slyss frá 18. júní til 6. júlí 1956 og einnig frá 21. janúar til 24. s. m. 1957. Þess á milli hafði hann dvalizt öðru hverju á Keflavíkurspítala.

Vegna slyss þessa hefur stefnandi hlotið 15% varanlega örorku samkvæmt örorkumati Bergþórs Smára læknis, dags. 9. júlí 1957.

Hinn 23. júní 1958 reiknaði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út atvinnutjón stefnanda vegna slyssins, miðað við

örorku hans og áætlaðar tekjur. Reiknaðist honum vinnutekju-
tap stefnanda á slysdagi nema kr. 92.816.00.

Tiltölulega skömmu eftir slysið kveðst stefnandi hafa beðið
mág sinn, Pétur Pétursson, framkvæmdastjóra Vörubílastöðvar
Keflavíkur, að annast fyrir hann um mál þetta og athuga, hversu
mikilla bóta stefnandi myndi geta krafist af Samvinnutrygging-
um hér í bæ vegna slyss þessa, en bifreiðin, Ö 373, var tryggð
hjá því félagi. Hafi Pétur þessi falið Jóni P. Emils héraðsdóms-
lögmanni hér í bæ að leita hófanna við Samvinnutryggingar
um það, hve mikið þær féllust á að greiða stefnanda í bætur
vegna slyssins án málshöfðunar. Stefnandi kvaðst hins vegar
aldrei hafa talað sjálfur við nefndan héraðsdómslögmann um
mál þetta og alls ekki hafa falið honum umboð til að semja við
tryggingafélagið um bætur, né hafi héraðsdómslögmaðurinn held-
ur fengið umboð til að taka á móti eða kvitta fyrir nokkrum
greiðslum vegna tjóns þessa.

Um áramótin 1958—59 kveðst stefnandi hafa orðið þess
áskynja, að nefndur héraðsdómslögmaður hafi án nokkurs um-
boðs eða samráðs við sig samið um og tekið á móti hjá Sam-
vinnutryggingum samtals kr. 55.000.00 vegna tjóns þessa og
gefið fullnaðarkvittun fyrir öllum frekari kröfum á hendur eig-
anda bifreiðarinnar, Ö 373.

Er stefnandi frétti þetta, kvað hann héraðsdómslögmanninn
hafa verið krafinn um afhendingu fjárins, en hann hafi þá sagzt
vera búinn að eyða öllum peningunum, og skömmu síðar hafi
lögmaðurinn orðið gjaldþrota. Hefur stefnandi fengið upplýs-
ingar um, að engar eigur séu í búi hans.

Er svo var komið málum, var þess farið á leit við Samvinnu-
tryggingar af hálfu stefnanda, að félagið endurgreiddi stefn-
anda fé það, er það hafði greitt nefndum lögmanni í heimildar-
leysi. Þeim tilmælum neitaði félagið algerlega með þeim rök-
um, að það hefði þegar greitt oftnefndum héraðsdómslögmanni
allar bætur til stefnanda vegna slyss þessa.

Verður nú fyrst vikið að þeim þætti málsins, er fjallar um
sátt þá, er Jón P. Emils hdl. gerði við Samvinnutryggingar vegna
framangreinds slyss.

Hinn 23. febrúar 1959 ritaði nefndur Jón skiptaráðandanum í
Reykjavík bréf svohljóðandi: „Með því að ég undirritaður tel
mig ekki lengur eiga fyrir skuldum, leyfi ég mér hér með að fara
þess á leit, að bú mitt verði tekið til gjaldþrotaskipta.“

Lögmaðurinn var síðan úrskurðaður gjaldþrota.

Við sakadómsrannsókn, er haldin var 25. marz 1959 út af gjaldþroti hans svo og ýmsum öðrum ætluðum brotum nefnds Jóns á almennum hegningarlögum, hefur hann skýrt svo frá varðandi afskipti sín af framangreindu bótamáli, að upp úr miðjum október 1958, sennilega 17. þess mánaðar, hafi hann gert upp bótatjón við Samvinnutryggingar vegna bifreiðaslyss þess, er stefnandi máls þessa varð fyrir í september árið 1955. Fjárhæð bótanna hafi samtals numið kr. 55.000.00, en þar af hafi hann áður verið búinn að fá greiddar kr. 7.000.00, þ. e. fyrir miðjan október 1958. En auk þess hefðu Samvinnutryggingar, að því er hann minnti, greitt stefnanda fyrir viðgerð á bifhjóli hans eitthvað á annað þúsund krónur. Jón kvaðst aldrei hafa haft persónulegt samband við Ragnar Sæmundsson, heldur hafi hann haft samband við Pétur Pétursson, forstöðumann Vöru-bifreiðastöðvar Keflavíkur, en Jón kvaðst hafa verið kunnugur Pétri, er hafi virzt hafa haft fullt umboð frá Ragnari um alla meðferð málsins. Skriflegt umboð hafði Pétur hins vegar ekki haft frá Ragnari, en berum orðum hafi hann sagzt hafa slíkt umboð. Kveður Jón þá Pétur oft hafa rætt um væntanlegt tjón-uppgjör í máli þessu og hafi sér virzt Pétur hafa fullháar hugmyndir um málstað umbjóðanda síns, Ragnars Sæmundssonar. Jón kveðst oft hafa haft samband við Samvinnutryggingar, og þá aðallega við Ólaf Kristjánsson, deildarstjóra í bifreiðadeildinni, og einnig við Vilhjálm Jónsson hrl. Í byrjun októbermánaðar 1958 kveður Jón, að málum hafi verið þannig komið, að þessir forsvarsmenn Samvinnutrygginga hafi lagt fyrir hann ákveðnar tillögur um uppgjör á þessu tjóni. Eftir atvikum segist Jón hafa talið, að ei væri fráleitt að ganga að þessum tillögum með nokkrum breytingum, en hins vegar kveðst hann hafa tjáð Pétri Péturssyni, að ráðleggingar lögfræðinga í slíkum tilfellum væru ávallt erfiðar, þar eð niðurstöður dómara gætu snúizt til beggja handa, ef slík mál yrðu lögð fyrir dómstóla. Hafi það því orðið að samkomulagi með þeim Pétri, að Jón leitaði álits annars lögfræðings um það, hvað gera skyldi í málinu. Kveðst hann því hafa sent Áka Jakobssyni hrl. málið til umsagnar og hann verið sömu skoðunar og Jón í þeim efnum, að ganga ætti að tilboði Samvinnutrygginga um tjónsuppgjórið. Eftir að hafa móttekið hina umræddu fjárhæð frá Samvinnutryggingum, kvaðst Jón ekki hafa gert reka að því að senda umbjóðanda sínum peningana; og hafi þeir farið í eigin eyðslu, en af þeirri fjárhæð kvaðst hann sjálfur hafa átt rúmlega kr.

3.000.00 vegna útlagðs kostnaðar og innheimtulauna. Síðari hluta janúar 1959 kveður Jón sér hafa borizt bréf frá Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl., þar sem hann krafði Jón tafarlaust um þessa innstæðu Ragnars. Jón segist ei hafa haft tök á því að inna greiðslu þessa af hendi og hafi þeir Sigurgeir orðið ásáttir um að koma saman til fundar við Pétur Pétursson til að ræða málið. Sá fundur hafi verið haldinn 6. febrúar 1959 og það orðið að samkomulagi með þeim þremur, að Jón fengi frest til 23. s. m. til að gera upp skuldina.

Stefnandi máls þessa, Ragnar Sæmundsson, kom fyrir saka-dóminn sem vitni og skýrði svo frá, að Pétur Pétursson, mágur hans, framkvæmdastjóri Vörubílastöðvar Keflavíkur, hefði samkvæmt beiðni hans tekið að sér að krefja Samvinnutryggingar um bætur vegna bifreiðarslyssins.

Með samþykki og eftir beiðni Ragnars kveður hann Pétur algerlega hafa átt að sjá um bótakröfuna og semja um hana, ef svo bæri undir, en skriflegt umboð til þessa sagðist hann ei hafa látið Pétri í té. Kveður hann Pétur hafa fengið Jón P. Emils hdl. til þess að annast um bótakröfuna, en sjálfur (þ. e. Ragnar) hafi hann ekkert rætt við Jón um hana. Ragnar segir þá Pétur hafa talað um að krefjast kr. 60.000.00 til kr. 70.000.00 í bætur vegna slyssins. Ekki kveður Ragnar Pétur hafa ráðið oftnefndan Jón P. Emils til að athuga um bótakröfuna samkvæmt sinni beiðni, og gat hann ekki af eigin raun skýrt frá, hvað þeim hafi farið á milli í sambandi við bótakröfuna, en hins vegar kvaðst hann engum hafa gefið umboð til að semja um kr. 55.000.00 í bætur.

Pétur Pétursson hefur einnig komið fyrir sakadóminn sem vitni og skýrt svo frá, að Ragnar hafi beðið hann að annast um að krefjast bóta fyrir sína hönd vegna slyssins, en að sjálfsögðu í samráði við Ragnar. Ekkert skriflegt umboð hafi hann fengið hjá Ragnari til þessa, en þeir hafi talað um að krefjast kr. 60.000.00 til 70.000.00 í bætur.

Skömmu eftir að Ragnar varð fyrir slysinu, kvaðst vitnið hafa farið til Jóns P. Emils til þess að ræða við hann um bótakröfu Ragnars, en hvorki þá né síðar segist vitnið hafa gefið Jóni umboð eða á annan hátt heimilað honum að semja um bótafjárhæð. Kvaðst vitnið ekki hafa falið Jóni annað í sambandi við bótakröfuna en kynna sér, hve háa fjárhæð Samvinnutryggingar vildu greiða, án þess að til málshöfðunar kæmi. Skömmu fyrir jólin 1958 kveðst vitnið síðast hafa átt tal við

Jón á skrifstofu hans út af bótakröfunni, og segir það Jón þá hafa nefnt einhverja upphæð, en hverja mundi vitnið ekki, og hafi því þótt sú fjárhæð of lág. Kveðst vitnið hafa rætt um það við Jón, hvort ei væri réttara að fara í skaðabótamál, en Jón hafi þá boðizt til að leita álits annars lögfræðings um bótakröfuna, án þess þó að nefna neinn sérstakan í því sambandi. Ekki kvaðst vitnið hafa vitað um álit annars lögfræðings um bótafjárhæðina fyrr en á fundi þeirra Jóns í skrifstofu Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. í febrúarmánuði 1959. Vitnið segir Jón hafa samið um 55.000.00 króna bæt看ur algerlega upp á sitt eindæmi og að vitninu fornspurðu og hafi hann engu skilað af greindum bótum hvorki til vitnisins né Ragnars.

Við samprófun á vitninu Pétri Péturssyni og Jóni P. Emils fyrir sakadóminum voru þeir sammála um, að þeir hefðu oft átt tal saman um bótafjárhæðina og það, að Jón hefði ekki sýnt vitninu álitsgjörð Áka Jakobssonar hrl., fyrr en þeir mættu báðir til fundar á skrifstofu Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. í febrúar 1959. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um það frá Jóni, að hann hefði samið um kr. 55.000.00 í skaðabæt看ur og veitt þeirri fjárhæð viðtöku. Jón kvaðst ekki þora að segja um, hvenær hann tjáði vitninu þetta.

Jón skýrði enn fremur svo frá, að um 10. október 1953 hafi hann átt samtal við vitnið á skrifstofu sinni og þá sýnt því sundurliðað tilboð frá Samvinnutryggingum um samtals ca. kr. 52.000.00 bótafjárhæð. Segir Jón þeim ekki hafa virzt þetta tilboð fjarri lagi, en þó hafi þeir verið sammála um, að breyta þyrfti tveimur liðum í tilboðinu, þ.e.a.s. að fá felldan niður eða lækkaðan frádrátt frá örorkubótum vegna opinberra gjalda, svo og að fá vexti greidda af bótafjárhæð frá slysdegi. Kveður Jón það hafa orðið að samkomulagi við vitnið, að hann ræddi þessar breytingar við Samvinnutryggingar og reyndi að þessu leyti að komast svo langt sem unnt væri og að hann leitaði síðan álits annars lögfræðings í málinu í heild. Ef þessar leiðréttingar fengjust á tilboðinu og ef annar lögfræðingur væri á þeirri skoðun að taka bæri því, kveðst Jón hafa talið sig eftir samtalið við vitnið um 10. október 1958 hafa umboð frá vitninu til að semja um bæt看ur og veita þeim viðtöku.

Vegna þessa framburðar Jóns P. Emils kvaðst vitnið Pétur Pétursson aldrei hafa veitt Jóni umboð til að semja um þessar bæt看ur, enda hafi það talið þær of lágar. Vitnið sagði það rétt, að þeir hefðu talað um hækkun á þeim tveimur liðum í tilboði

Samvinnutrygginga, er að ofan greinir, en það segir Jón aldrei hafa fengið neitt ákveðið svar frá sér, hvort það vildi fara í mál vegna bótanna eða ekki. Þá kvað vitnið Jón aldrei hafa tilkynnt sér, hvort Samvinnutryggingar hefðu tekið til greina hækkun á tveim áðurnefndum liðum í greindu tilboði.

Þá kom Ólafur Kristjánsson, deildarstjóri í bifreiðadeild Samvinnutrygginga, einnig fyrir sakadóminn sem vitni og skýrði svo frá, að Jón P. Emils hafi gert kröfu á Samvinnutryggingar f. h. Ragnars vegna framangreinds bifreiðarslyss. Kveður vitnið þá Jón hafa rætt um bætur þessar í nokkur skipti. Ekki kveður vitnið Jón hafa sýnt sér umboð frá Ragnari um heimild Jóns til að semja um bæturnar, enda hafi vitnið vitað, að Jón var lögmaður, og taldi það því ekki ástæðu til að efast um umboð hans, enda hafi slíkt ekki verið venja, er lögmenn gerðu kröfur um bætur fyrir aðra.

Vitnið sagðist hafa samið um tjónsbæturnar við Jón, alls kr. 55.000.00, og hafi innheimtulaun til Jóns verið innifalin í þeirri fjárhæð. Greiðslurnar hafi verið inntar af hendi í þrennu lagi, þ. e. kr. 4.000.00 hinn 18. apríl 1958, kr. 3.000.00 hinn 11. september s. á. og kr. 48.000.00 hinn 17. október s. á., og hafi Jón kvittað fyrir öllum þessum greiðslum. Auk þess hafi Samvinnutryggingar greitt helming í viðgerðarkostnaði á hjóli Ragnars, kr. 2.146.00, þannig að félagið hafi greitt alls kr. 57.146.00 í bætur vegna slyss þessa.

Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hefur einnig farið fram vitnaleiðsla í máli þessu. Stefnandi málsins bar þá fyrir réttinum, að Pétur Pétursson hefði snúið sér til Jóns P. Emils samkvæmt beiðni stefnanda. Segist hann hafa rætt um það við Pétur, að Jón P. Emils fengi eða innheimti bætur fyrir stefnanda. Að öðru leyti var framburður hans, að því er þetta atriði varðar, samhljóða framburði hans fyrir sakadóminum, er rakinn hefur verið hér að framan.

Pétur Pétursson kom fyrir dóminn og ítrekaði þann framburð sinn í sakadóminum, að hann hafi aldrei veitt Jóni P. Emils umboð til að semja við Samvinnutryggingar um bætur vegna margnefnds slyss eða veita þeim viðtöku, heldur hafi Jóni aðeins verið falið að leita upplýsinga um það, hversu háar bætur fengjust greiddar án málssóknar. Tók vitnið fram, að það hefði rætt við lögfræðing Samvinnutrygginga um þetta atriði og hefði margspurt hann að því, hvers vegna Jóni hefðu

verið greiddar bæturnar án umboðs, og hefði lögfræðingurinn þá svarað því til, að það væri hefð eða venja.

Vilhjálmur Jónsson hrl., er starfaði hjá stefnda á því tíma-bili, sem hér um ræðir, hefur komið fyrir dóminn sem vitni og skýrt svo frá, að maður nokkur, er sagðist vera kunningi eða venzlamaður stefnanda, hafi komið að máli við sig, eftir að greiðslan til Jóns P. Emils hafði farið fram, og tjáð sér, að nefndur Jón hefði haft fullt umboð til að ganga frá málinu. En þar eð innheimta Jóns á bótunum hafi verið farin að dragast á langinn, og Jón hafi að sögn manns þessa gefið óljós svör um gang málsins, kvaðst Vilhjálmur hafa sett sig í samband við tjónuppgjörsmann Samvinnutrygginga og fengið að vita, að Jón hefði þegar tekið við fénu. Vilhjálmur ítrekaði það, að maður þessi hefði sagt Jón P. Emils hafa fullt umboð í málinu, og kvaðst hann minnast þess, að þetta atriði hefði borizt í tal, er þeir hefðu rætt um það, hvernig unnt væri að ná fénu hjá Jóni. Kveðst hann hafa bent manninum á að tala um málið við formann Lögmannafélagsins. Vilhjálmur kvað aðeins einn mann hafa rætt mál þetta við sig vegna stefnanda, en vildi ekki fullyrða, að það hefði verið Pétur Pétursson.

Er Pétur Pétursson var leiddur fyrir réttinn á ný til samprófunar vegna vættis Vilhjálm Jónssonar, kvaðst hann ekki vilja fullyrða, að hann hafi rætt við Vilhjálm í umrætt sinn, en kvað útilokað, að annar en hann hafi rætt við lögfræðing Samvinnutrygginga vegna stefnanda.

Pétur kvaðst hafa rætt um það við lögfræðinginn hjá Samvinnutryggingum, hvernig unnt væri að ná fénu aftur hjá Jóni P. Emils og hafi lögfræðingurinn þá bent honum á að snúa sér til formanns Lögmannafélags Íslands. Hins vegar kannaðist Pétur ekki við að hafa sagt við lögfræðinginn, að Jón P. Emils hefði haft fullt umboð í málinu.

Pétur og Vilhjálmur héldu báðir fast við framburði sína, og vann Pétur síðan eið að vitnisburði sínum samkvæmt tilmælum frá lögmanni stefnda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að félaginu hafi borið að ganga úr skugga um, að Jón P. Emils hefði lögfullt umboð til að semja um og taka á móti svo miklu fé, sem hér um ræðir, enda sé það aðalregla samkvæmt íslenskum lögum, að málflytjendur skuli sanna umboð sitt, sé það vefengt. Þar eð nefndur Jón hafi ei haft umboð frá stefnanda

til að semja við félagið um bætur eða veita þeim viðtöku, geti skipti hans við félagið alls ekki verið bindandi fyrir stefnanda, og beri félaginu því að endurgreiða stefnanda bætur vegna slyssins.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að gildur samningur um bótagreiðsluna hafi á sínum tíma tekizt milli félagsins og Jóns P. Emils umboðsmanns stefnanda, og við þann samning og greiðslu sé stefnandi bundinn og félaginu sé það algerlega óviðkomandi, hvort nefndur umboðsmaður hafi skilað greiðslunni til stefnanda eða ekki.

Það sé alkunna, að um árabíl hafi það verið mjög verulegur þáttur í starfi lögfræðinga hér í bæ að semja við tryggingafélög um bótagreiðslur til umbjóðenda sinna. Í mörgum þeirra tilvika, líklega langflestum, hafi krefjandinn sjálfur aldrei komið fram gagnvart tryggingafélaginu, heldur látið lögfræðinginn einan um það. Ábyggilega megi fullyrða, að ekkert tryggingafélaganna hafi nokkru sinni krafist lögfræðing formlegs umboðs til slíkrar samningagerðar. Staðganga lögfræðinga byggist á stöðuumboði þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936, og í samræmi við hið almenna stöðuumboð lögfræðinga sé ákvæði 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflutningsumboð.

Að því er varðar takmörkun þá, er stefnandi segist hafa gert á umboði Jóns P. Emils, þess efnis, að honum hafi einungis verið falið að leita hófanna um það hjá tryggingafélaginu, hversu háar bætur það fengist til að greiða án málssóknar, þá kveður stefndi þá takmörkun í alla staði óeðlilega og dæmalausa. Að lokum vitnar stefndi í framburð Vilhjálms Jónssonar hrl., er rakinn hefur verið hér að framan, máli sínu til stuðnings, svo og til umsagnar stjórnar Lögmannafélags Íslands, sbr. bréfið á dskj. nr. 28, dags. 22. júní 1961, er hljóðar svo að loknum inngangsorðum:

„.... félagsstjórninni er eigi kunnugt um, að lögmenn, sem leita eftir bótagreiðslum hjá váttryggingafélögum, séu krafdir um skriflegt umboð. Vel má þó vera, að þetta hafi komið fyrir í einhverjum tilfellum.

Eigi verður það að áliti stjórnarinnar talin æskileg regla, að tryggingafélög eða skuldarar yfirleitt gætu eigi gert upp kröfur við lögmenn með fullu öryggi, án þess að fá í hendur skriflegt umboð frá kröfuhafanum til lögmannsins, enda telur stjórnin, að það felist í stöðu löggilts málflutningsmanns, að hann hafi

slíkt umboð, nema það sé vefengt, sbr. t. d. með hliðsjón af 4. gr. laga nr. 61/1942.“

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1942 skal héraðsdómslögmaður, hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra talinn hafa umboð, er hann sækir dómþing fyrir aðilja, nema annað sé sannað. Í grein þessari er umboð lögmannna takmarkað við flutning máls fyrir dómi. Hér er hins vegar um að ræða samning, er lögmaður gerir fyrir hönd annars manns utan réttar. Verður því ekki talið, að nefnt lagaákvæði eigi við, heldur þurfi lögmaður sérstakt umboð til slíkrar samningagerðar frá þeim aðilja, er hann semur fyrir, svo að bindandi sé fyrir hann gagnvart gagnaðilja samningsins.

Þar eð stefnda hefur eigi tekizt að sanna gegn eindregnum andmælum stefnanda og margnefnds Péturs Péturssonar, að Jón P. Emils hafi haft slíkt umboð, verður stefnandi ekki talinn bundinn af þeim samningi, er stefndi gerði við nefndan Jón út af bifreiðarslysi því, er hér um ræðir, enda verður ekki talið, að 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 eigi við um tilvik það, sem hér er um fjallað.

Verður nú vikið að bifreiðarslysinu sjálfu og afleiðingum þess. Í upphafi málsatvikalýsingar er rakinn framburður stefnanda, eins og hann skýrði lögreglu Hafnarfjarðar frá atvikum að slysinu. Þá skýrslu sína hefur stefnandi staðfest hér fyrir dóminum.

Ökumaður bifreiðarinnar Ö 373, Daníel Emilsson, skýrði lögreglu Hafnarfjarðar svo frá tildrögum slyssins, að hinn umrædda dag hafi hann verið á leið frá Keflavík í bifreið sinni, Ö 373, og ekið eftir Reykjanesbraut. Um kl. 21.50, er hann hafi komið að beygjunni á Hvaleyrarholti, næst Hafnarfirði, hafi hann séð mann koma á móti sér á reiðhjóli með hjálparvél og ekið eftir veginum því sem næst miðjum. Vera megí þó, að maðurinn hafi verið örlítið meira til hægri við miðju vegarins. Daníel kveðst hafa ekið bifreið sinni á um það bil 30 km hraða, miðað við klukkustund, á vinstri vegarhelmingi, er hann hafi komið auga á manninn. Kvaðst hann strax hafa veitt því athygli, að ljós reiðhjólsins væru sérstaklega daufl. Hafi hann því ekki komið auga á manninn fyrr en bifreiðin hafi verið rétt komin að honum, en þá hafi hann snúið bifreið sinni snarlega til vinstri handar, alveg út að vegbrúninni. Rétt í því er þeir hafi mætt, hafi áreksturinn orðið með þeim hætti, að maðurinn á reiðhjólinu hafi lent á framaurhlíf bifreiðarinnar hægra

megin. Við áreksturinn hafi maðurinn og reiðhjólið kastast út frá bifreiðinni yfir á hægri vegbrúnina. Daníel kvaðst þegar í stað hafa stöðvað bifreiðina og farið út úr henni. Hafi hann þá séð hjólið og manninn liggja svo sem eina bíllengd fyrir aftan bifreiðina, við hægri vegjaðarinn. Hann kveðst þegar hafa séð, að maðurinn var slasaður, og hafi hann því flýtt sér til Hafnarfjarðar í bifreið sinni til þess að tilkynna lögreglunni þar slysið.

Eftirtaldir farþegar voru í bifreiðinni Ö 373, er slysið vildi til: Sveinn Þorgrímsson, Melteig 26, Keflavík, Sigurður Jónsson, Starhaga 6, Reykjavík, og Guðný Tryggvadóttir, Melteig 26, Keflavík.

Lögregla Hafnarfjarðar bar framangreinda skýrslu ökumannsins undir farþegana, og staðfestu þeir hana sem sanna og rétta í öllum atriðum.

Löggæzlumaður kom á staðinn eftir slysið og gerði uppdrátt af vettvangi og gerði skýrslu um staðhætti, sem er efnislega svolhljóðandi:

Er komið var á staðinn, var bifreiðin Ö 373 farin af staðnum til að tilkynna slysið. Reiðhjólið lá á sama stað og það lá eftir slysið. Maðurinn einnig. Yfirborð vegarins var malbikað, en bremsuför ekki sjáanleg vegna mikillar umferðar. Færi var þurrt og myrkur var á.

Samkvæmt uppdrætti lögreglumannsins mun afstaðan á slystað hafa verið þannig, er hann kom á vettvang, að reiðhjólið lá nokkru hægra megin við miðju vegarins, miðað við stefnu til Hafnarfjarðar, stefnandi lá á hægra vegjaðri, en bifreiðin Ö 373 er sýnd á vinstri vegarhelmingi, sem er hugsuð staða bifreiðarinnar, þar eð henni hafði verið ekið af staðnum, þegar löggæzlumaðurinn kom á vettvang, eins og fyrr greinir.

Hér að framan hefur lauslega verið drepíð á áverka þá, er stefnandi hlaut við slysið, og getið hefur verið sjúkrahúsvistar hans vegna þeirra.

Bergþór Smári læknir skoðaði stefnanda hinn 9. júlí 1957 og mat örorku hans af völdum margnefnds slyss. Í örorkumati læknisins, sem dagsett er sama dag, segir m. a. á þessa leið:

„.... Hann er byrjaður að starfa að nýju, en kvartar um tilkenningu í hægri fótlim, einkum við áreynslu.

Skoðun: Framan á hægri crus er 23 cm langt ör, og innanvert á hægri ökla er 9 cm langt ör eftir skurðaðgerð. Styttning er ekki mælanleg á ganglimnum og engin vöðvarýrnun. Dálítill

stirðleiki er í hægri öklalið. Sperrileggur bungar dálítið út um miðbikið.

Röntgenmyndir, teknar í Keflavíkurspítala 29. júní s.l., sýna vel gróin brot í sperrilegg og sköflungi.

Örorka slasaða vegna nefnds slyss telst hæfilega metin svo sem hér segir:

Frá slysdegi (24. sept. '55) til 31. jan. '57 ..	100%
— 1. febr. til 31. marz '57	70%
— 1. apríl til 31. maí '57	40%
— 1. júní til 30. júní '57	30%
Úr því varanleg örorka	15%.

Stefnandi byggir stefnukröfu sína á því, að ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 eigi alla sök á umræddu slysi með því óforsvaranlega ökulagi sínu að aka hægra megin á veginum. Beri stefndi því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna slyss þessæ sem tryggingafélag bifreiðarinnar.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé með öllu, að slys það, er hér um ræðir, hafi orðið með þeim hætti, að eigandi og ökumaður bifreiðarinnar Ö 373, og þar með stefndi, beri skaðabótaábyrgð út af því. Máli sínu til stuðnings vitnar stefndi í skýrslu þá, er ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 og farþegar gáfu lögreglu Hafnarfjarðar um tildrög slyssins, en samkvæmt henni virðist það ljóst, að stefnandi hafi ekið hægra megin við miðju vegarins.

Skýrslur málsaðilja um orsök slyssins stangast gersamlega á. Ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 kvaðst hafa sveigt snarlega til vinstri, er hann kom auga á stefnanda. Allt að einu varð slysi eigi forðað. Virðist þetta benda til þess, að hann hafi ekið á miðju vegarins eða nær henni en hann og farþegarnir hafa borið, ella hefði slys þetta tæpast orðið, jafnvel þótt stefnandi hefði ekið á miðbiki vegarins.

Reiðhjólið var það fyrirferðarlítið farartæki á veginum, að ökumaðurinn hlyti að hafa getað sveigt frá því og þar með forðað slysinu, ef hann hefði raunverulega verið á sínum vinstra vegarhelmingi, er hann varð reiðhjólsins var.

Að því athuguðu, er nú hefur verið rakið, verður að álíta, að bæði stefnandi og ökumaður bifreiðarinnar Ö 373 hafi ekið of nærri miðju vegarins og þetta ökulag beggja valdið slysinu. Þegar þetta er haft í huga, þykir rétt að stefndi bæti stefnanda tjón hans að hálfu, en stefnandi beri sjálfur helming tjóns síns.

Stefnandi hefur sundurliðað tjón sitt þannig:

1. Örorkubætur	kr. 92.816.00
2. Sjúkrakostnaður, læknishjálp og annar útlagður kostnaður	— 2.000.00
3. Þjáningar og óþægindi	— 30.000.00

Samtals kr. 124.800.00

Verða nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Á grundvelli framangreinds örorkumats hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda vegna slyssins. Í útreikningi hans, sem dags. er 23. júní 1958, er stefnandi talinn fæddur 29. ágúst 1918, og hefur hann því verið 37 ára að aldri, er slysið bar að höndum. Stefnandi var ófaglærður verkamaður, er slysið bar að höndum, og er það enn. Hann taldi ekki fram til skatts næstu árin fyrir slysið og hefur heldur eigi gert það síðan. Skattayfirvöldin hafa því áætlað honum tekjur sem hér segir: Fyrir árið 1953 kr. 25.000.00, en kr. 20.000.00 fyrir árið 1954. Tryggingafræðingurinn hefur reiknað út vinnutekjutap stefnanda, miðað við hinar áætluðu tekjur hans þessi ár, og reiknast honum svo til, að hið áætlaða vinnutekjutap nemi sem hér segir:

Fyrsta ár eftir slysið	kr. 27.384.00
Annað ár eftir slysið	— 16.391.00
Þriðja ár eftir slysið	— 4.425.00
Síðan árlega	— 4.571.00

Verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps verður því alls, miðað við slysdag, kr. 92.816.00.

Grundvöllur útreikningsins, auk þess sem að framan greinir, er 6% ársvextir, dánarlíkur íslenzkra karla eftir reynslu áranna 1941—50, og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Í útreikningnum er enginn frádráttur gerður fyrir opinberum gjöldum, en tryggingafræðingurinn lætur þess getið, að þau myndu verða mjög lág, þar eð tekjur þær, sem hér er reiknað með, séu langt fyrir neðan venjulegar verkamannatekjur.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Þegar tekið er tillit til þess, að vextir hér á landi eru almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með og að bætur þessar verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts

og tekjuútsvars, þykir hæfilegt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 80.000.00.

Um 2. lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem ósundurliðuðum og tilhæfulausum. Í sambandi við kröfulið þennan bendir stefndi á, að hann hafi þegar greitt Sjúkrasamlagi Keflavíkur helming af sjúkrakostnaði stefnanda samkvæmt framvísuðum reikningum, að fjárhæð kr. 10.420.00, sbr. dskj. nr. 18.

Stefnandi hefur enga grein gert fyrir þessum kröfulið, og verður hann því ekki tekinn til greina, og ber að sýkna stefnda af honum.

Um 3. lið.

Stefndi hefur andmælt þessum lið sem óhæfilega háum. Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Þegar það er virt, sem þar greinir, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Stefndi hefur að endingu haldið því fram, að ef svo yrði litið á, að Jón P. Emils hefði ei haft umboð til að gera samning þann, er getið var hér að framan, og talið yrði, að ökumaður bifreiðarinnar, Ö 373, hefði átt einhverja sök á framangreindu slysi, þá bæri sú greiðsla, sem nefndur Jón veitti viðtöku f. h. stefnanda, að koma til frádráttar þeim bóttum, sem dómstóllinn dæmdi stefnanda í máli þessu.

Stefnandi hefur mótmælt þessari kröfu stefnda með þeim rökum, að oftnefndur Jón hafi enga heimild haft til þess að veita fé þessu viðtöku f. h. stefnanda, enda hafi honum einungis verið falið að athuga, hversu háar bætur stefndi fengist til að greiða vegna slyss þessa án málssóknar.

Þar sem eigi verður talið sannað gegn eindregnum andmælum stefnanda og mágs hans, Péturs Péturssonar, að Jóni P. Emils hafi verið falin krafa þessi til innheimtu, þykir ekki unnt að taka þessa kröfu stefnda til greina, enda hafði Jón þá heldur ekki heimild til að veita fjárhæðinni viðtöku.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 50.000.00 (þ. e. $\frac{1}{2}$ kr. 80.000.00 + 20.000.00) auk vaxta, eins og krafizt hefur verið í stefnu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurgeirs Sigur-

jónssonar hrl., ákveðast kr. 6.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.
Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, greiði stefnanda, Ragnari Sæmundssyni, kr. 50.000.00 auk 7% ársvaxta frá 2. desember 1959 til greiðsludags.

Málkostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., ákveðast kr. 6.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1962.

Nr. 126/1961. **Málfríður Gunnarsdóttir**

Hlín Gunnarsdóttir og

Björn Gunnarsson (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Kristínu Sigurðardóttur,

Þórunni Benediktsdóttur,

Þorbjörgu Benediktsdóttur,

Sigurlaugu Guðmundsdóttur,

Elísabetu Guðmundsdóttur og

Sigurði Ísleifssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

.....
hæstaréttardómararnir, **Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,**
Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
professor.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með